

umboði framangreindra embættismanna og eftir ákvörðun þeirra dómara og löggiltir fulltrúar við embætti þeirra, svo og aðrir fulltrúar þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins,

b) hreppstjórar. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri,

c) skipstjórar á íslenskum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum,

d) forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum og sendiræðismenn. Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Enn fremur fara kjörræðismenn með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið auglýsa fyrir hverjar kosningar, hverjir kjörræðismenn verða kjörstjórar.

Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir vika sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lög-
reglustjóra utan Reykjavíkur skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki má utan-
kjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda.

2. gr.

63. gr. orðist svo:

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrri-
skipuðu kjörblöð og umslög og að kosning fari fram:

a) í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lög-
reglustjóra utan Reykjavíkur,

b) í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,

c) um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn
samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,

d) í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiræðisskrifstofu, svo og í skrif-
stofu kjörræðismanns, sem er kjörstjóri samkvæmt 13. gr.

Kjörstjóra samkvæmt a og b lið 1. málsg. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta
kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúkl-
ingur eða vistmaður á stofnuninni.

Kjörstjóri samkvæmt a og b lið 1. málsg. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverj-
um stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar, hvenær atkvæðagreiðsla
getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal
fara fram á þeim tíma, sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn við-
komandi stofnunar, samkvæmt nánari reglum, sem dómsmálaráðuneytið setur. Ut-
anríkisráðuneytið auglýsir, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðis-
mönnum, sem eru kjörstjórar samkvæmt 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktun um endurskoðun laga um kos-
ningar til Alþingis, þar sem ríkisstjórninni var falið að leggja fyrir næsta þing til-
lögur til breytinga á kosningalögum með það fyrir augum að auðvelda utankjör-
fundaratkvæðagreiðslu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni og í umræðum kom fram, að fyrst
og fremst var haft í huga að auðvelda þeim, sem dveljast erlendis, einkum náms-
mönnum, en kosningarrétt hafa hér, að neyta kosningarréttar síns, svo og að gera
þeim, sem ekki geta vegna heilsubreysts ferðast til kjörstjóra, kleift að neyta kosn-
ingarréttar.

Samkvæmt gildandi kosningalögum getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla farið
fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta), í skrif-

stofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands, eða kjörræðismanns, sem er íslenskur ríkisborgari eða af íslensku þjóðerni og mælir á íslenska tungu, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi í millilandasiglingum eða á fjarlægum miðum. Kjósanda er ætlað að koma á fund kjörstjóra á tilteknum stað. Er þeim, sem ekki hafa tök á því að koma til fundar við kjörstjóra, því gert ómögulegt að neyta kosningarréttar síns. Á það fyrst og fremst við um þá, sem vegna sjúkdóms, líkamlegrar bæklunar eða ella dvelja á sjúkrahúsum eða dvalarheimilum aldraðra, en á að sjálfsgöðu með sama hætti við um þá, sem í heimahúsum dvelja, en ekki eiga heimangengt af sömu ástæðum.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimilað verði að framkvæma utankjörfundarkosningu í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra, og eru þá hafðar í huga þær stofnanir, sem slík nöfn bera samkvæmt IV. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 27. apríl 1973, og lögum um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 15. apríl 1973. Gert er ráð fyrir því, að í stofnunum þessum fari kosningaathöfnin að öllu leyti fram með sama hætti og þegar kosning fer fram á skrifstofu eða heimili kjörstjóra. Er gert ráð fyrir því, að viðkomandi kjörstjóri ákveði, í samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, hvenær atkvæðagreiðsla getur þar farið fram, en um þetta efni mundi dómismálaráðuneytið setja nánari reglur. Að jafnaði mundi ekki þörf á að halda kjörfund oftár en einu sinni í hverri stofnun.

Miðað við gildandi lagaákvæði getur utankjörfundaratkvæðagreiðsla nú farið fram á 19 stöðum erlendis í 10 þjóðlöndum, en það er í íslenskum sendiráðum, 9 að tölu, hjá 1 útsendum ræðismanni og að auki hjá 9 kjörræðismönnum, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða af íslensku bergi brotnir og mæla á íslenska tungu. Íslendingum, sem erlendis dvelja, við nám eða af öðrum ástæðum, en eiga kosningarrétt hér, hefur á undanförunum árum farið fjölgandi og eru þeir dreifðari um lönd en áður. Er þeim í mörgum tilvikum fyrirumnað að neyta kosningarréttar síns vegna mikillar fjarlægðar til næsta kjörstjóra.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að haldið verði gildandi reglum um atkvæðagreiðslu í sendiráðum og hjá útsendum ræðismönnum. Hins vegar er lagt til, að utanríkisráðuneytinu verði falið að ákveða og auglýsa fyrir hverjar kosningar, hvar utankjörfundaratkvæðagreiðsla fer fram hjá kjörræðismönnum. Mundi með því mega fjölga að mun kjörstöðum erlendis. Í því sambandi ber að hafa í huga, að kjörræðismenn eru ólaunaðir og hafa eigi viðveruskyldu á skrifstofu sinni gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Er því eigi hægt að skylda þá til viðveru á skrifstofum sínum allan þann tíma, sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla má annars fara fram. Þess í stað er lagt til, að utanríkisráðuneytið, að höfðu samráði við viðkomandi kjörræðismenn, auglýsi, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá þeim. Flestir ræðismanna þessara hvorki skilja íslensku né mæla og er þá gert ráð fyrir því, að útbúnaðar verði kosningaleiðbeiningar fyrir þá á a. m. k. einu erlendu tungumáli og fylgi þýðing á texta fylgibréfa með kjörseðlum.

Auk þessa, sem þegar hefur verið rakið, felur frumvarpið í sér ákvæði um það, að kjörstjórar hérlendis auglýsi, hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram.